

REGLUGERÐ

um skipulag Húsnæðisstofnunar ríkisins.

I. KAFLI

Skipulag og yfirstjórn stofnunarinnar.

1. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins starfar sem ein heild en skiptist í tvö svið, rekstrarsvið og lánasvið.

Rekstrarstjórn fer með daglega stjórn stofnunarinnar. Í rekstrarstjórn eru framkvæmdastjóri, aðstoðarframkvæmdastjóri og rekstrarstjóri. Aðstoðarframkvæmdastjóri er yfirmaður lánasviðs og staðgengill framkvæmdastjóra. Rekstrarstjóri er yfirmaður rekstrarsviðs og starfsmannastjóri stofnunarinnar.

II. KAFLI

Rekstrarsvið.

2. gr.

Deildir rekstrarsviðs.

Á rekstrarsviði eru þrjár deildir:
rekstrardeild, tæknideild og þjónustudeild.

3. gr.

Rekstrardeild.

Rekstrardeild annast starfsmannahald, það bókhald sem fært er í stofnuninni, rekstraráætlanir, kerfisþjónustu, innkaup og lagerhald fyrir stofnunina.

4. gr.

Tæknideild.

Tæknideild annast gerð tæknilegra umsagna, kostnaðareftirlit og lokaúttektir á félagslegum íbúðarbyggingum, úrvinnslu á tæknilegum upplýsingum og þátttöku í þróun mála í byggingariðnaði.

5. gr.

Þjónustudeild.

Þjónustudeild annast upplýsingagjöf til einstaklinga, móttöku viðskiptavina, síma-vörslu, útgáfu á ársskýrslu stofnunarinnar, ráðgjöf til einstaklinga, aðstoð við íbúðar-eigendur í greiðsluferfiðleikum og öflun og miðlun upplýsinga um húsnæðismál.

III. KAFLI

Lánasvið.

6. gr.

Deildir lánasviðs.

Á lánasviði eru fjórar deildir:
lögfræðideild, félagsíbúðadeild, verðbréfadeild og húsbréfadeild.

7. gr.

Lögfræðideild.

Lögfræðideild annast lögfræðilega innheimtu á vegum stofnunarinnar og önnur lögfræðileg málefni á hennar vegum. Deildin er húsnæðismálastjórn, framkvæmdastjóra, rekstrarstjórn og starfsfólki stofnunarinnar til ráðuneytis um lögfræðileg málefni. Hún annast umsjón með innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

8. gr.

Félagsíbúðadeild.

Félagsíbúðadeild annast starfrækslu Byggingarsjóðs verkamanna, lánveitingar og önnur fjármál á vegum félagslega lánakerfisins og undirbýr tillögur um ráðstöfun þess fjármagns sem sjóðurinn hefur til umráða.

9. gr.

Verðbréfadeild.

Verðbréfadeild annast umsjón með stöðu þeirra sjóða sem eru í vörslu stofnunarinnar, semur áætlanir um fjárförf þeirra á hverjum tíma, hefur eftirlit með útstreymi húsbrefa, undirbýr og gefur út nýja húsbrefaflokka í nafni Byggingarsjóðs ríkisins í samráði við húsbrefadeild, stuðlar að því að húsbref séu ávallt seljanleg á almennum markaði og útdrátt húsbrefa.

10. gr.

Húsbrefadeild.

Húsbrefadeild annast starfrækslu Byggingarsjóðs ríkisins, úrvinnslu aðsendra gagna vegna húsbrefalána og dagleg samskipti við þá aðila er annast greiðslumat fyrir einstaklinga vegna fyrirhugaðra húsbrefalána.

IV. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með vísan til 3. gr. laganna, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Elín S. Jónsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á byggingarreglugerð nr. 177/1992 með síðari breytingum.

1. gr.

Liður 6.10.7.6 orðist svo:

Þegar gert er deiliskipulag fyrir sumarbústaðasvæði og það hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 skal ákveða stærð mannvirkja og fyrirkomulag í skipulagsskilmálum, sbr. einnig gr. 6.10.7.5.

Þegar veitt er leyfi fyrir staka bústaði og ekki liggur fyrir deiliskipulag sbr. 1. mgr., skal stærð sumarbústaða vera mest 60 m² og meðallofthæð ekki minni en 2.20 m. Þá er unnt að heimila geymslu allt að 10 m² og bátaskýli allt að 15 m² þegar aðstæður gefa tilefni til.

Unnt er að heimila frávik frá ákvæðum 2. mgr. ef aðstæður gefa sérstakt tilefni til enda fáí leyfisumsókn þá málsmeðferð í samræmi við gr. 4.4 og 4.4.1 í skipulagsreglugerð.